

FRÍSTUNDIR & MENNING

FRAMUNDAN

- 4. maí** Fundur stjórnenda á frístunda- og menningarsviði
- 4. maí** Fundur hjá Samsuð
- 4. maí** Fundur hjá Ungmennaráði
- 6. maí** Undirbúningsfundur vegna Vinnuskólans
- 6. maí** Fundur í frístunda- og menningarnefnd
- 6. maí** Fundur með liðsstjórum litahverfanna vegna Sjóarans síkáta
- 7. maí** Fundur í forvarnarteymi
- 12. maí** Heimsókn alþjóðafulltrúa Piteå
- 13. maí** Flokksstjórar mæta til starfa í Vinnuskólanum.
- 15. maí** Aðalfundur Félags íþrótt-, æskulýðs- og tómsundafraeðinga haldinn á Akureyri
- 27. maí** Rýnifundur PMTO f
- 28. apríl** Stöðufundur vegna Sjóarans síkáta
- 29. maí** Fundur stjórnenda á frístunda- og menningarsviði
- 3. maí** Fundur í frístunda- og menningarnefnd



GRINDAVÍKURBÆR

Nýjungar á Sjóaranum síkáta 2015

Bæjarhátíðin Sjóarinn síkáti verður 5.-7. júní n.k. Umgjörð og dagskrá verður glæsileg að vanda og hefðbundin á margan hátt en jafnframt verða nokkrar nýjungar, bæði fyrir börn og fullorðna. Þá verður Sjómann- og vélstjórafélagið með glæsilega dagskrá.

Á meðal nýjunga má nefna stórtónleika í íþróttahúsinu á laugardagskvöldinu kl. 21:00. Þar mætir sannkallað stórskotalið eða SKON-ROKK sem spilar 80's rokk af bestu gerð. Söngvarar eru Magni, Eybór Ingi, Pétur Jesú, Biggi Haralds og Stebbi Jagg en hljómsveitin Tyrkja Gudda spilar undir. Skonrokk hefur verið haldið um sjómanna-dagshelgina í Vestmannaeyjum, í Hörpu og Hofi og alltaf slegið í gegn. Nánari upplýsingar um miðasölu verða birtar fljótlega. Eftir tónleikana verður svo ball í íþróttahúsinu að vanda.

Í fyrsta skipti verða leiktæki



á bryggjuballinu á föstudagskvöldinu fyrir börnin sem eflaust á eftir að mælast ákaflega vel fyrir. Þá er gaman að greina frá því að Hafró í Grindavík og útgerðir hér hafa í samvinnu við Sjóarann síkáta ákveðið að vera með fiskabúr fyrir krakkana á sunnudeginum með kröbbum, krossfiskum og ýmsum lifandi og dauðu furðuverum og fiskum úr hafinu.

Vísir hf. fagnar 50 ára

afmæli sínu og verður með veglega dagskrá á Sjóaranum síkáta. Meðal annars verða minningatónleikar Vísissystkina í Grindavíkurkirkju á sunnudagskvöldinu.

Ingó og Veðurguðirnir hafa verið ráðnir á Bryggjuballið og á meðal barnaefnis verður Brúðubillinn, íþróttalfurinn, Solla stirða, Skoppa og Skritla, Einar Mikael töframaður, Sveppi og Villi o.fl.

Skila þarf viðburðum í dagskrá 10. maí

Undirbúningur fyrir Sjóarann síkáta er á fullu skriði. Þjónustuaðilar og allir þeir sem vilja koma sinni dagskrá í opinbera dagskrá Sjóarans síkáta, sem dreifð verður í 30 þúsund eintökum á suðvestur horninu, þurfa að

skila henni í síðasta lagi 10. maí n.k. Einnig er hægt er að kaupa heilsíðu auglýsingu í dagskrána (stærð blaðs A4), verð 50.000 kr. Skilafrestur er einnig 10. maí.

Tilkynningar og ábendingar

um dagskrárliði er hægt að senda á sviðsstjóra frístunda- og menningarsviðs á netfangið thorsteinng@grindavik.is. Allar nánari upplýsingar á www.sjoarinnssikati.is og www.grindavik.is

Boðið er upp á aðstoðu fyrir sölubása á hátíðarsvæðinu á Sjóaranum síkátá í tjaldi. Hægt verður að fara inn í tjaldið kl. 12:00.

Staðsetning: Á lóð Kvikunnar.

Tímasetning:

Laugardaginn 6. júní frá kl. 13:00-17:00. Sunnudaginn 7. júní frá kl. 13:00-17:00

Reglur :

Heimilt er að selja allan heimagerðan varning. Bannað er að selja allt matarkyns og einnig sælgæti. Söluaðilar þurfa að koma með eigið borð og stóla. Ekki er hægt að stinga í samband við rafmagn. Greiða þarf fyrir aðstöðuna í síðasta lagi 1. júní, 3.000 kr. inn á reikning Grindavíkurbæjar 0143-26-115, kt. 580169-1559. Til að tryggja sér pláss þarf að skrá sig fyrirfram með því að senda upplýsingar um; Nafn - Kennitala - Símanúmer - netfang, og senda á netfangið siggeir@grindavik.is Lokafrestur til skráningar á handverksmarkaðinn er til og með 1. júní.



GRINDAVÍKURBÆR

Útgefandi: Frístunda- og menningarsvið

ÁBM: Þorsteinn Gunnarsson, sviðsstjóri.

thorsteinn@grindavik.is.

Sími 420 1100.

Fleiri fréttir á

www.grindavik.is

100 nemendur sóttu um í Vinnuskólanum

Alls sóttu um 100 nemendur í 8. til 10. bekk og á fyrsta ári í framhaldsskóla í Vinnuskólan í sumar. Það er nokkuð færra en í fyrra. Auk hefðbundinna starfa við að fegra bæinn

aðstoða unglingarnir við leikjanámskeið, knattspyrnuvöllinn, golfvöllinn og margt fleira. Þá verður Vinnuskólinn í samstarfi við Codland líkt og undanfarin tvö ár. Búið er

að ráða flokksstjóra til starfa og byrja þeir 13. maí. Fyrsta árið í framhaldsskóla byrjar 18. maí. 8.-10. bekkur byrjar 8. júní og kynningarfundur fyrir þann aldur 1. júní kl. 14:00

Ungmennagarður og Grindavíkurrapp

Málefni ungs fólks voru á dagskrá bæjarstjórnar Grindavíkur í vikunni. Fulltrúar Ungmennaráðs mættu á bæjarstjórnarfundinn og kynntu þau verkefni sem þau eru að vinna og komu jafnframt með áskorun til bæjarstjórnar.

Lárus Guðmundsson formaður Ungmennaráðs sagði frá Ungmennagarði sem verður settur austast á lóð Grunnskóla Grindavíkur. Ráðist verður í framkvæmdir á honum í

sumar en garðurinn verður byggður upp á næstu þremur árum. Þar verður að finna ýmis afþreyingartæki fyrir ungmenni.

Þá kynnti Nökkvi Harðarson Grindavíkurrappið sem verður tilbúið að á næstunni. Appið stórbætir aðgengi að fréttum á heimasíðu bæjarins grindavik.is fyrir farsíma og snjalltæki, viðburðadagatal af grindavik.is verður aðgengilegt. Viðburðir þrúmunnar, íþróttadagskrá

/leikir koma sjálfvirk inn frá kki.is og ksi.is og hægt verður að skrá sig fyrir áminningum í appinu og kemur þá tilkynningu í símann þegar viðburður er að fara byrja. Í appinu verður einnig hægt að nálgast æfingatöflur UMFG, opnunartíma upplýsingar frá visitgrindavik.is og ýmislegt fleira. Að endingu flutti Katrín Lóa Sigurðardóttir áskorun til bæjarstjórnar.

Ertu fædd(ur) 1995-2000 og vilt komast til Piteå?

Viltu kynnast jafnöldrum þínum á Norðurlöndunum, taka þátt í skemmtilegu sumarnámskeiði og prófa eitthvað nýtt? Norræna félagið í Grindavík, í samstarfi við Grindavíkurbæ, vinabæinn Piteå í Svíþjóð og Norðurlandaráð, býður upp á námskeið í sænsku sem sérstaklega er ætlað fyrir vinabæi Piteå. Námskeiðið fer fram dagana 27. júlí til 5. ágúst n.k. Innfalið er flug, gisting, matur og námskeiðið sjálft.

Í boði eru tvö sæti á námskeiðinu fyrir ungmenni í Grindavík fædd á árunum

1995 til 2000. Þeir sem ekki eru orðnir 18 ára þurfa skriflegt leyfi frá forráðamönnum. Innfalið í boðinu er flug, gisting og námskeiðið sjálft. Æskilegt er að umsækjandi hafi bakgrunn og/eða góðan námsárangur í einhverju af Norrænu tungumálunum.

Þeir sem hafa áhuga að sækja námskeiðið eru beðnir að senda tölvupóst með eftirfarandi upplýsingum á netfangið frida@grindavik.is:

- Nafn, heimilisfang
- Góður rökstuðningur

hvers vegna þú vilt fara á námskeiðið og hvernig það nýtist þér?

- Hvernig metur þú kunnáttu þína í Norrænum tungumálum?
 - Það styrkir umsóknina að senda með einkunnir úr grunnskóla og/eða framhaldsskóla í Norrænu tungumáli.
- Umsóknarfrestur er til 12. maí nk. Alþjóðafulltrúi Piteå, sviðsstjóri frístunda- og menningarsviðs Grindavíkurbæjar og stjórn Norræna félagsins í Grindavík, sjá um umsóknarferlið.